

Félag um menntarannsóknir Ársskýrsla 2004

Í stjórn Félags um menntarannsóknir eru:

- Jóhanna Einarsdóttir, dósent við KHÍ, formaður
- Guðrún Geirsdóttir, lektor við HÍ, ritari
- Hafþór Guðjónsson, lektor við KHÍ, gjaldkeri
- Börkur Hansen, prófessor við KHÍ, meðstjórnandi
- Kristín Guðmundsdóttir, verkefnastjóri hjá Símenntunarstofnun KHÍ, meðstjórnandi
- Guðný Guðbjörnsdóttir, prófessor við HÍ, meðstjórnandi

Varamenn eru:

- Þórdís Þórðardóttir, lektor við KHÍ
- Bragi Guðmundsson, dósent við HA
- Júlíus Björnsson, forstöðumaður Námsmatsstofnunar

Markmið félagsins samkvæmt lögum eru þessi:

Að efla rannsóknir og þróunarstarf á sviði menntunar á Íslandi með því að:

- skapa vettvang fyrir faglega umræðu um rannsóknir og þróunarstarf
- stuðla að útbreiðslu þekkingar á rannsóknum og þróunarstarfi
- efla tengsl og samstarf félaganna
- stuðla að samvinnu við samtök og stofnanir sem sinna uppeldis- og menntamálum hér á landi og erlendis
- efla þekkingu og færni félagsmanna til að leggja stund á rannsóknir á menntamálum
- skapa vettvang fyrir þverfaglegar rannsóknir.

Félagsmenn eru 249 í febrúar 2005 og hefur þeim fjölga um rúmlega helming frá stofnfundi félagsins árið 2002, en þá voru félagsmenn 105.

Hér verður gerð grein fyrir því hvernig stjórn félagsins vann að þessum markmiðum.

Heimasíða félagsins

Heimasíða félagsins hefur verið uppfærð reglulega og settar inn fréttir og upplýsingar. Kristín Guðmundsdóttir hefur séð um heimasíðuna og er nú t.d. þar að finna upplýsingar um ráðstefnur í menntamálum víðsvegar í heiminum. Á heimasíðunni hafa félagsmenn einnig getað skráð sig á viðburði félagsins.

Póstlistinn

Póstlistinn fum@khi.is hefur verið notaður til að koma á framfæri tilkynningum um fundi félagsins og upplýsingum um áhugaverðar ráðstefnur. Haustið 2004 var tilraun gerð til að virkja félagsmenn til þátttöku í umræðum og skoðanaskiptum á póstlistanum og á heimasíðu félagsins. Hafþór Guðjónsson lektor við KHÍ valdi fræðigrein og hóf umfjöllun um hana á póstlistanum og á umræðuvef heimasíðunnar. Þessi tilraun fékk lítinn hljómgrunn hjá félagsmönnum. Póstlistinn hefur þó einkum verið notaður af formanni.

Námsstefna

Þann 13. nóvember stóð félagið fyrir námsstefnu í Kennaraháskóla Íslands. Dagskráin hófst að morgni með pallborðsumræðum um aðferðir í menntarannsóknunum og síðan tóku við námskeið.

Pallborðsumræður

Málshefjendur í umræðunum voru Hafþór Guðjónsson lektor við KHÍ sem fjallaði um sjálfsskoðun sem aðferðafræði og Kristín E. Harðardóttir frá Félagsvísindastofnun HÍ sem fjallaði um aðferðir við að tengja saman eigindleg og megindleg gögn.

Námskeið

Í framhaldi af pallborðsumræðunum var boðið upp á tvö námskeið; annars vegar námskeið um notkun tölvuforrits við meðferð og skráningu heimilda (EndNote) sem Ingibjörg Bergmundsdóttir sá um og hins vegar námskeið um notkun tölvuforrits við flokkun og greiningu eigindlegra gagna (NVivo) sem Kristín Guðmundsdóttir sá um.

Námsstefnan var vel sótt, og vegna mikils fjölda þátttakenda voru námskeiðin endurtekin fyrir og eftir hádegi. Þátttakendur lýstu ánægju sinni með daginn og kom sú hugmynd fram að félagið byði upp á framhaldsnámskeið fyrir félagsmenn.

Tímarit

Fyrsta tölublað tímarits Fum, „Tímarit um menntarannsóknir“ kom út á árinu. Ákveðið var að gefa út fyrsta ritið í kjölfar fyrstu ráðstefnu félagsins sem haldin var 22. nóvember 2003 og byggir fyrsta tölublaðið á þeim erindum og fyrirlestrum sem haldin voru á ráðstefnunni.

Stjórn félagsins hefur markað þá stefnu að tímaritið skuli í framtíðinni vera ritrynt þar sem faglegar kröfur verða í fyrirrúmi. Ætlunin er að tímaritið komi út einu sinni á ári.

Stefnu og framkvæmdaáætlun næsta árs.

Fráfarandi stjórn leggur til að lögð verði áhersla á eftirfarandi stefnu- og áhersluatriði:

- Gefa út tímarit ár hvert.
- Halda ráðstefnu annað hvert ár.
- Standa fyrir námskeiðum um efni tengt rannsóknum og rannsóknaraðferðum annað hvert ár.
- Leita leiða við að virkja aðra félagsmenn til þátttöku í umræðum og skoðanaskiptum.

17. febrúar 2005

Jóhanna Einarsdóttir